



805 Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana

sbr. (samanber) 3. mgr. (málsgrein) 26. gr. (grein) laga nr. (númer) 161/2002 og reglugerð nr. 320/2013.

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

1. Lög um váttryggingarsamninga.

- 1.1 Auk skilmála þessara, váttryggingarskírteinis og annarra gagna, sem váttryggingarsamningurinn byggir á, gilda um hann lög nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

2. Gildissvið váttryggingarinnar.

- 2.1 Váttryggt er gegn bótaskyldu er fellur á váttryggingartaka sem fyrirtæki, er stundar miðlun verðbréfa skv. (samkvæmt) 26. gr. laga nr. 161/2002 í þeim tilvikum að viðskiptamaður verður fyrir almennu fjártjóni, sem rakið verður til starfa starfsmanns váttryggingartaka. Váttryggingin gildir hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

3. Undanskildar áhættur.

- 3.1 Váttryggingin tekur ekki til ábyrgðar sem rakin verður til:
- ásetnings váttryggingartaka eða starfsmanns hans,
 - ábyrgðar sem váttryggingartaki eða starfsmaður hans tekur á sig og er víðtækari en almenn bótaskylda hans sem verðbréfamiðlunar,
 - sekta sem falla á váttryggingartaka, starfsmann hans eða þriðja mann,
 - slyss á manni, annars líkamstjóns eða skemmda á munum,
 - verðbréfamiðlunar váttryggingartaka utan Evrópska efnahagssvæðisins eða bótaábyrgðar sem er ríkari en eftir þeim reglum sem þar gilda um skaðabótagrundvöll eða ákvörðun bótafjárhæðar.

4. Váttryggingarfjárhæð.

- 4.1 Ábyrgð félagsins vegna hvers einstaks tjónsatviks takmarkast við kr. (krónur) 22.224.123. Heildargreiðsla félagsins vegna allra bótakrafna innan hvers váttryggingartímabils getur þó ekki orðið hærrí en kr. 66.676.317. Fjárhæðir þessar breytast eftir vísitölu, sbr. 12. gr. váttryggingarskilmálanna.
- 4.2 Félagið greiðir kostnað, sem eðlilegt er að váttryggingartaki stofni til vegna ákvörðunar um skaðabótaskyldu eða bótafjárhæð, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sama gildir um vexti sem váttryggingartaki er dæmdur til að greiða af skaðabótakröfu sem váttryggingin tekur til.
- 4.3 Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en dæmdar skaðabætur er félaginu þó aðeins skylt að greiða þann hluta vaxta og kostnaðar er svarar til bótafjárhæðar þeirrar sem því ber að greiða.

5. Eigin áhætta.

- 5.1 Af hverju tjóni ber váttryggingartaki eigin áhættu eins og getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Fjárhæð þessi breytist árlega eftir vísitölu, sbr. 12. grein váttryggingarskilmálanna. Eigin áhætta váttryggingartaka hefur ekki áhrif á réttarstöðu þriðja manns.

6. Tímatakörk.

- 6.1 Váttryggingin tekur til skaðabótakröfu gegn váttryggingartaka er til stofnast á váttryggingartímanum.
- 6.2 Skaðabótakrafa telst hafa stofnast við það tímamark að hið fyrra af eftirfarandi tilvikum hefur borið að höndum:
- að þriðji maður gerir skriflega skaðabótakröfu á hendur váttryggingartaka,
 - að váttryggingartaka verður fyrst kunnugt um að þriðji maður hefur orðið fyrir fjárhagslegu tjóni, sem kann að verða rakið til gáleysis starfsmanns, eða að bein hætta er á að slíkt tjón verði.
- 6.3 Váttryggingin tekur ekki til tjóns vegna skaðabótakröfu, sem stofnast hefur gegn váttryggingartaka á váttryggingartímanum, hafi krafan ekki verið tilkynnt félaginu í síðasta lagi þremur mánuðum eftir lok váttryggingarinnar. Þótt tjón teljist hafa orðið á váttryggingartímanum, og það hafi verið tilkynnt félaginu innan þriggja mánaða eftir lok váttryggingarinnar, tekur váttryggingin ekki til slíks tjóns nema váttryggingartaki hafi móttekið skriflega skaðabótakröfu skv. a. lið 2. mgr. og tilkynni það félaginu í síðasta lagi innan tveggja ára eftir lok váttryggingarinnar.
- 6.4 Skaðabótakröfu skv. 2. mgr. sem rakin er til tjóns, er verður hvort heldur skyndilega eða smám saman, bætir félagið ekki, hafi tjónið orðið að einhverju leyti eða öllu áður en váttryggingartíminn hófst.



805 Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana

sbr. (samanber) 3. mgr. (málsgrein) 26. gr. (grein) laga nr. (númer) 161/2002 og reglugerð nr. 320/2013.

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

7. Önnur váttrygging.

- 7.1 Þegar tjón hefur orðið og í gildi er önnur váttrygging sem tekur til tjónsins, skal uppgjör bóta fara fram eftir því sem mælt er fyrir um í 37. gr. laga nr. 30/2004.

8. Ráðstafanir vegna tjóns og greiðsla bóta.

- 8.1 Jafnskjótt og váttryggingartaki fær vitneskju eða grun um að skaðabótakrafa verði gerð á hendur honum ber honum að tilkynna félaginu það skriflega.
- 8.2 Félagið er ekki bundið af því ef váttryggingartaki viðurkennir skaðabótakröfu, nema leitt sé í ljós að váttryggingartaki gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum, er hann viðurkenndi réttmæti kröfunnar.
- 8.3 Félagið má greiða skaðabætur beint til þriðja manns (tjónþola), nema hann hafi þegar fengið tjón sitt bætt hjá váttryggingartaka.

9. Aukin áhætta.

- 9.1 Verði breytingar á atvikum eða upplýsingum, sem félaginu hefur verið skýrt frá í váttryggingarbeiðni eða á annan hátt, skal váttryggingartaki tilkynna félaginu um þær. Vanræki váttryggingartaki tilkynningarskyldu sína og verði tjón af völdum hinnar breyttu áhættu lækkar ábyrgð félagsins að tiltölu miðað við þá iðgjaldshækkun sem félagið hefði áskilið sér vegna áhættubreytingarinnar.

10. Greiðsla iðgjalds.

- 10.1 Greiða skal fyrsta iðgjald þegar váttryggingin gengur í gildi og síðari iðgjöld á tilgreindum gjalddögum. Félagið sendir váttryggingartaka tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins. Í tilkynningunni skal greiðslufrestur tilgreindur sérstaklega sem skal vera einn mánuður hið skemmsta frá þeim degi sem tilkynningin er send.
- 10.2 Sé iðgjald ekki greitt þegar greiðslufresti lýkur skv. 1. mgr. er félaginu heimilt að senda sérstaka aðvörðun þar sem greiðsla er krafist innan 14 daga ella fellur váttryggingin niður sé iðgjaldið þá enn ógreitt, sbr. þó gr. 14.4.
- 10.3 Hafi váttryggingartaki ekki samið sérstaklega við félagið um greiðslu iðgjaldsins áður en frestur skv. 2. mgr. rennur út telst það ógreitt, ef það er ekki að fullu greitt þegar fresturinn er úti.
- 10.4 Krafa um greiðslu iðgjalds er send á heimilisfang váttryggingartaka sem tilgreint er í þjóðskrá nema hann hafi tilgreint annað heimilisfang sérstaklega. Breytingar á tilgreindu heimilisfangi skal þegar í stað tilkynna félaginu.
- 10.5 Falli váttrygging niður skv. 2. mgr. skal váttryggingartaki engu að síður greiða iðgjald fyrir það tímabil sem váttryggingin var í gildi. Reiknast þá iðgjaldið sem um skammtímatryggingu hafi verið að ræða.
- 10.6 Við innheimtu iðgjalds er félaginu heimilt að innheimta sérstakt gjald, sem nánar skal tilgreint í iðgjaldaskrá til að standa straum af kostnaði við innheimtu iðgjaldsins. Þess skal einnig getið sérstaklega í tilkynningu um greiðslu iðgjaldsins.

11. Endurkröfuréttur.

- 11.1 Bæti félagið tjón sem þriðji maður ber ábyrgð á, öðlast það rétt váttryggðs gagnvart honum að því marki sem bótunum nemur.
- 11.2 Félaginu er heimilt að endurkrefja váttryggingartaka hafi tjón orðið vegna stórkostlegs gáleysis fyrirsvarsmanna hans eða þeirra starfsmanna sem bera faglega ábyrgð á starfsemi þeirri sem váttryggingin tekur til. Sama rétt á félagið eftir almennum reglum gagnvart starfsmanni sem hefur valdið tjóni af stórkostlegu gáleysi.
- 11.3 Félagið á ætíð endurkröfurétt á hendur váttryggingartaka, hafi félagið greitt bætur eftir að váttrygging hefur fallið niður, sbr. gr. 14.4.

12. Vísitölubreytingar.

- 12.1 Váttryggingarfjárhæðir skv. 4. gr. miðast við vísitölu neysliverðs, 387,1 stig. Skulu þær breytast 1. janúar ár hvert í hlutfalli við breytingar á þeirri vísitölu. Eigin áhætta breytist á sama hátt.

13. Fyrning.

- 13.1 Kröfur sem falla undir váttryggingu þessa, sem og endurkröfur váttryggingafélags, fynast samkvæmt ákvæðum laga um váttryggingarsamninga og laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda.



805 Starfsábyrgðartrygging verðbréfamiðlana

sbr. (samanber) 3. mgr. (málsgrein) 26. gr. (grein) laga nr. (númer) 161/2002 og reglugerð nr. 320/2013.

VÁTRYGGINGARSKILMÁLAR

14. Gildistaka og lok váttryggingar.

- 14.1 Váttryggingin tekur gildi, þegar félagið samþykkir váttryggingarbeiðni. Váttryggingin gildir fyrir það tímabil sem tilgreint er í váttryggingarskírteini eða iðgjaldskvittun. Þegar tímabilinu lýkur framlengist váttryggingin um eitt ár í senn nema váttryggingartaki hafi sagt henni upp innan mánaðar frá því að félagið sendi tilkynningu um gjalddaga hins nýja tímabils skv. gr. 10.1. Ekki er þó skylt að tilkynna uppsögn fyrr en tvær vikur eru til loka tímabilsins. Sé váttryggingin hins vegar tekin vegna atvinnurekstrar og umfang rekstraraðila samsvarar fleiri en fimm ársverkum eða starfsemin fer að mestu leyti fram erlendis skal uppsögnin ávallt hafa borist félaginu í síðasta lagi einum mánuði fyrir lok tímabilsins.
- 14.2 Þegar váttrygging er tekin vegna atvinnurekstrar og svo háttar um reksturinn sem greinir í lokamálslið 1. mgr. getur váttryggingartaki ekki sagt váttryggingarsamningnum upp á váttryggingartímanum til að flytja váttrygginguna til annars félagsins.
- 14.3 Váttryggingunni lýkur, hafi starfsleyfi váttryggingartaka til að hafa með höndum verðbréfamiðlun fallið niður eða verið afturkallað.
- 14.4 Nú hefur váttryggingaratburður orðið, sem leitt hefur til alvarlegs trúnaðarbrests milli félagsins og váttryggingartaka, eða áhættumat, sem er til grundvallar váttryggingunni og iðgjald miðast við, hefur gerbreyst, er félaginu þá heimilt að segja tryggingunni upp með tveggja mánaða fyrirvara. Verði þrjú bótaskyld tjón á 18 mánaða tímabili hefur félagið rétt til þess að segja váttryggingunni upp. Skrifleg uppsögn skal fara fram án ástæðulauss dráttar eftir að félaginu varð kunnugt um atvik sem veita því rétt til uppsagnar. Félaginu er skylt að endurgreiða hlutfallslega iðgjald fyrir þann tíma sem eftir er af váttryggingartímabilinu.
- 14.5 Enda þótt váttryggingin sé fallin úr gildi ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika sem verða þar til átta vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti váttryggingartaka og Fjármálaeftirlitinu að váttryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

15. Meðferð ágreiningsmála og varnarþing.

- 15.1 Verði ágreiningur um váttrygginguna, skal íslenskur dómstóll skera úr honum skv. íslenskum lögum, nema annað leiði af þjóðréttarsamningum sem Ísland er bundið af.
- 15.2 Ágreiningi varðandi váttryggingarsamning og bótaskyldu félagsins að öðru leyti má skjóta til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Upplýsingar um nefndina og starfshætti hennar má fá hjá félaginu.
- 15.3 Þrátt fyrir úrræði 2. mgr. er aðilum heimilt að leggja ágreininginn fyrir dómstóla. Slík mál, svo og önnur mál sem rísa út af váttryggingu þessari, skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur. Félaginu er þó einnig heimilt að höfða mál út af váttryggingunni á heimilisvarnarþingi váttryggingartaka.
- 15.4 Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík.

Skráning í tjónagrunn Creditinfo Lánstrausts hf.

Tjón sem tilkynnt eru til váttryggingafélaga eru skráð í sérstakan tjónagrunn sem rekinn er af Creditinfo Lánstrausts hf. samkvæmt samningi við Samtök fjármálaframtækja (SFF) sem félagið á aðild að og samkvæmt heimild Persónuverndar. Félagið telst ábyrgðaraðili í skilningi persónuverndarlaga nr. 90/2018 vegna skráningar þess á upplýsingum í grunninn og uppfléttingum sem framkvæmdar eru á vegum þess. Tilgangur með skráningu í tjónagrunninn er að stemma stigu við váttryggingarsvikum og ofgreiðslu váttryggingabóta. Skráðar eru upplýsingar um kennitölu tjónþola, tjónsnúmer, tegund váttryggingar og tjóns, dagsetning tjóns og skráningar, staðsetning tjóns og eftir atvikum einkvæmt númer hins váttryggða, s.s. skráningarnúmer ökutækis. Við skráningu tjóns fær félagið yfirlit yfir öll tjón sem tjónþoli hefur tilkynnt óháð félagi og skráð hafa verið í tjónagrunninn. Eingöngu starfsmenn félagsins sem skrá tjón og vinna að tjónauppgjöri hafa aðgang að tjónagrunninum. Upplýsingum skal eytt úr tjónagrunni þegar þeirra gerist ekki lengur þörf í þágu tilgangs vinnslunnar, í síðasta lagi þegar 10 ár eru frá skráningu upplýsinganna.

Skilmálar þessir gilda frá 15. janúar 2019..